



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Reglur um námsstyrk til nemenda sem stunda nám utan heimabyggðar

1. Markmið

Markmið styrksins er að styðja við námsmenn sem sækja framhaldsskólanám utan heimabyggðar sbr. lög nr. 79/2003 um námsstyrki.

2. Upphæð styrks

Styrkurinn er kr. 100.000 kr á ári fyrir heilt námsár eða 50.000 kr fyrir hvora önn háð því að viðkomandi uppfylli þau skilyrði sem sett eru í reglum þessum.

3. Skilyrði um búsetu

Umsækjandi skal hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Skagastönd.

4. Aldur

Umsækjandi skal vera á aldrinum 16–20 ára á umsóknarári.

5. Skólaganga

Umsækjandi skal stunda reglubundið nám á framhaldsskólastigi innanlands. Framvísa skal staðfestingu frá skóla um skráningu í nám.

6. Umsókn og gögn

Umsækjandi skal skila inn umsókn á því formi sem sveitarfélagið ákveður. Með umsókn skal fylgja staðfesting um skólagöngu.

7. Greiðsla styrks

Styrkur er greiddur árlega að lokinni staðfestingu á því að skilyrði hafi verið uppfyllt.

8. Annað

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að túlka reglur þessar og taka ákvarðanir í vafamálum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 15. maí 2026

Alexandra Jóhannesdóttir

Sveitarstjóri